

Umsögn

um mál nr. 114 á þingskjali 114:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Ég undirritaður leyfi mér að senda inn umsögn til Efnahags- og viðskiptanefndar um ofangreint frumvarp. Er ég reiðubúin til að mæta fyrir nefndina sé þess óskað og útskira nánar það sem óljóst þykir eða illa rökstutt.

Frumvarpið, sem hér er til umsagnar, er í 5 meginþáttum, sem eru að miklu leyti óháðir en mynda þó saman eina heild, eina stefnu. Þessir þættir eru:

1. Afnám verðbólgu-reikningsskila fyrirtækja. Auk þess er kynnt frumvarp sem heimilar að færa ársreikninga í erlendri mynt.
2. Lækkun eignarskatta á fyrirtæki og einstaklinga úr 1,2% í 0,6%. Jafnframt er sérstakur eignaskattur, svokallaður Þjóðarbókhlöðuskattur, 0,25%, felldur niður tveimur árum fyrr en ætlað var.
3. Lækkun/hækkun tekjuskatta
 - a. Á fyrirtæki úr 30% í 18%.
 - b. Á einstaklinga úr 26,08% í 25,75%.
 - c. Sérstakur tekjuskattur einstaklinga, 7%, er framlengdur um enn eitt árið.
4. Hækkun tryggingagjalds um 0,77% í 5,91%.
5. Í greinargerð frumvarpsins er kynnt frumvarp um lækkun stimpilgjalds um 900 mkr.
6. Húsaleigubætur verði skattfrjálssar

Svo eru léttvægari þættir um að frítekjumark í sérstökum tekjuskatti og fríeignamörk í eignaskatti einstaklinga verði hækkuð um 15% og 20% vegna almennrar hækkunar launa og fasteignaverðs. Þá eru gerðar ýmsar minni háttar leiðréttingar og breytingar.

Markmið frumvarpsins er að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum ríkjum og gera skattkerfið sambærilegra við skattkerfi erlendis. Þannig verði komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji (hagnaðar-) starfsemi sína til útlanda og jafnvel stuðlað að því að erlend fyrirtæki, sérstaklega þau sem eru með útbú hér á landi, flytji (hagnaðar-) starfsemi sína hingað. Þannig verði fjölbreytni atvinnulífs aukin og búin til hátekjustörf, sem laði hingað menntað fólk, sem sest hefur að erlendis.

Í greinargerð með frumvarpinu er í fyrsta sinn athygli á því að skattstofnar eru kvikir, þ.e. þeir breytast eftir þeim sköttum, sem á þá eru lagðir. Hingað til hefur mat ráðuneytisins á áhrifum skattabreytinga gengið út frá stífu kerfi. Þ.e. að lækkun skattprósentu t.d. úr 20% í 10% þýði helmings lækkun á skatttekjum ríkissjóðs af þessum skatti. Þetta er fjarri lagi (sjá t.d. Laffer-Curve) eins og sést best þegar skattur á söluhagnað eigna var lækkaður úr 47% í 10%. Skattekjur ríkissjóðs hafa stóruaukist þrátt fyrir mikið lægri skattprósentu.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka þætti þessa frumvarps, kosti þeirra og galla. Bent verður á hugsanlega áhrif breytinganna, sem ekki koma fram í greinargerð. Þá eru lagðar til rökstuddar breytingatillögur við einstaka þætti.

Kafli 1

Afnám verðbólgu-reiknings-skila fyrirtækja. Heimilt að færa ársreikninga í erlendri mynt.

A Verðbólgu-reiknings-skil.

Kostir. Í verðbólgu rýrnar verðmæti peningalegra eigna og hluta vaxtatekna eða jafnvel meira en allir vextina þarf til að mæta þeirri rýrnun. Sama gerist með peningalegar skuldir með öfugum formerkjum. Skuldirnar rýrna vegna verðbólgu og hluti vaxtagreiðsla rennur til að bæta þá rýrnun. Þess vegna sýna venjuleg reiknings-skil ekki rétta afkomu fyrirtækja. Afkoma skuldsettra fyrirtækja sýnist verri en hún raunverulega er. Skuldsett fyrirtæki græða á verðrýrnun skuldanna og sá gróði kemur hvergi fram í hefðbundnum reiknings-skilum. Þessi duldi gróði, sem ekki var skattaður, er því meiri sem verðbólgan er meiri. Á tímum óðaverðbólgu 7. og 8. áratugar síðustu aldar var þessi skekkja mjög áberandi. Þeir sem náðu því að skulda nógu mikið græddu fyrst á neikvæðum vöxtum og borguðu svo enga skatta. Eignamyndun (í steinsteypu) var mjög mikil og eftirspurn eftir lánsfé takmarkalítil. Eðlilegur rekstur leið fyrir þetta því fyrirtækin græddu mest á því að byggja úr steinsteypu. Þá voru tekin upp verðbólgu-reiknings-skil, sem færa fyrirtækjum til tekna það sem þau græða á skuldum og til gjalda það sem þau tapa á peningalegum eignum. Svokölluð verðbreytingafærsla var tekin upp. Slík reiknings-skil eru bæði sanngjarnari og gefa betri mynd af rekstri fyrirtækja en hefðbundin reiknings-skil og skekkja ekki rekstur fyrirtækja í verðbólgu.

Eðli flestra atvinnufyrirtækja er að fjárfesta fyrir áhættufé og lánsfé. Eðlilegt er að eiginfjárlutfall, þ.e. hlutfall eiginfjár af samtölu skulda og eigin fjár, sé á bilinu 25% til 40% breytilegt eftir rekstri og aldri fyrirtækis. Þannig skulda flest atvinnufyrirtæki umtalsverða fjármuni og fá því tekjufærslu, sem á að mæla hagnað þeirra af verðrýrnun skuldanna. Þau greiða því hærri skatta með verðbólgu-reiknings-skilum en með hefðbundnum reiknings-skilum.

Gallar. Verðbólgu-reiknings-skil þekkjast varla erlendis og því rekast íslensk fyrirtæki á vegg, þegar þau eiga samskipti við erlend fyrirtæki, sem skilja ekki slíka reikninga. Sama er uppi á teningnum ef erlent fyrirtæki hyggst fjárfesta hér á landi. Þetta veldur ómældum vandræðum og er þröskuldur í vaxandi erlendum samskiptum.

Mat: Ofangreindir gallar vega það þungt að undirrituðum þykir sjálfsagt að hverfa frá verðbólgu-reiknings-skilum þrátt fyrir augljósa kosti þeirra.

B Heimild til að færa ársreikninga í erlendri mynt.

Kostir: Fyrirtæki, sem eru í miklum samskiptum við erlend fyrirtæki eða eru í eigu erlends aðila gætu birt reikninga sína í mynt þess aðila og það stuðlar að liprari samskiptum við útlönd.

Gallar: Erfitt verður að bera saman reikninga einstakra fyrirtækja, sem gætu fært ársreikninga sína fjölda mörgum mismunandi myntum. Ekki liggur fyrir hvernig slíkt verði framkvæmt og hvort skattyfirvöld muni þurfa að sæta því að fá framtöl í 50 myntum eða hvort gerð verði krafa um að fyrirtæki færi ætíð reikninga jafnframt í ísl. krónum. Niðurstaða reikninga (skattaleg) eins félags verður ekki endilega sú sama í mismunandi myntum vegna mismunandi hreyfinga gjaldmiðla innan árs. Svo vakna spurningar hvort fyrirtæki geti valið myntina árlega, jafnvel breytt til innan árs eða hvort valið eigi að vara lengur, t.d. 5 ár eða ævarandi. Má færa ársreikninga í mörgum myntum samtímis?

Mat: Ekki er tekin afstaða til þessara breytinga þar sem útfærsla liggur ekki fyrir.

Kafli 2

Lækkun eignarskatta úr 1,2% í 0,6% Niðurfelling sérstakur eignaskatts, 0,25%.

Samspil eignarskatta og fjármagnstekjuskatta. Eignarskattar voru lengi réttlættir með vísan til þess að vaxtatekjur voru skattfrjálsar. Þegar tekinn var upp almennur og samræmdur skattur á fjármagnstekjur hefði átt að lækka eða fella niður eignarskatta því ekki er eðlilegt að leggja bæði

skatta á eignir og tekjur af eignum. Í fyrirliggjandi frumvarpi er stigið það skref að lækka eignaskatta umtalsvert og er það vel.

Flutningur eigna til ríkisins. Eignaskattar eru sennilega lúmskastir skatta. Skattstofnin er mjög tregur. Fólk getur hætt að vinna og komist þannig hjá tekjuskatti. Það getur dregið úr neyslu og lækkað þannig neysluskatta sína en ekki er hægt að láta eignir hverfa nema taka upp gengdarlausu eyðslu og fórna þannig því öryggi, sem eignir veita. (Reyndar eru til nokkrar smugur í núverandi kerfi. Sjá síðar.) Tíundin, sem var eignarskattur, flutti eignir frá einstaklingum til kirkjunnar í aldanna rás. Spyra má, hvort tengsl séu á milli þessa skatts og falls þjóðríkisins og þeirrar niðurlægingar þjóðarinnar, sem fylgdi í kjölfarið. Núverandi skattstofn, 1,45%, flytur skattskyldar eignir yfir til ríkisins á $1/0,0145 = 69$ árum. Þegar almennir eignaskattar voru hvað hæstir fyrir nokkrum árum, 2,95%, voru skattskyldar eignir fluttar til ríkisins á 34 árum. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem naut 3,5% sérstaks eignarskatts til viðbótar var flutt til ríkisins á tæpum 16 árum. Þessi skattagleði lækkaði verð á slíkum eignum niður úr öllu valdi. Ekki borgaði sig að byggja nýtt og há leiga á slíku húsnæði (sem fór að mestu í skattgreiðslur) sligaði atvinnureksturinn.

Almennir eignaskattar. Núverandi eignaskattar eru hvorki almennir né rökréttir. Stærsti hluti eigna í landinu eru undanþegnar skatti. Má þar nefna lífeyrissjóðina með um 700 mrd eignir. Orkufyrirtækin greiða ekki eignaskatta. Öll opinber mannvirki, skólar, spítalar, skrifstofur, vegir, hafnir og flugvællir eru undanþegin sem og þjóðlendurnar. Spariskírteini og bankainnistæður einstaklinga umfram skuldir eru skattfrjáls. Það eru því einungis um þriðjungur eigna í landinu skattskyldur en það eru aðallega eignir þess hluta atvinnulífsins, sem ekki er á hendi opinberra aðila, og svo íbúðir einstaklinga og jarðir bænda. Sá hluti er hægt og bitandi fluttur til ríkisins, sem þegar ræður stórum hluta eignanna.

Eignaskattssmugur. Lengi var til einföld leið fyrir einstaklinga, sem ekki nenntu að greiða eignaskatta, til að losna við skattana. Hún fólst í því að stofna yfirdrátt hjá banka, kaupa spariskírteini, sem sett voru að veði fyrir yfirdrættinum (undanþegin CAD-reglum!). Vextir á slíkum yfirdrætti gátu verið mjög lágir vegna góðra trygginga. Yfirdráttarskuldin lækkaði eignir en spariskírteinin komu ekki til eignarskatts. Þessar smugu var að mestu lokað fyrir 2 árum. Enn er til sú smuga, að selja eignir og skuldir til eigin hlutafélags fyrir nettóvirði eigna. Sú upphæð yrði lögð inn í banka, sem innistæða og bankinn lánaði fyrirtækinu aftur upphæðina til að greiða skattþeginum. Peningarnir færu í hring. Bankainnistæður eru skattfrjálsar umfram skuldir, sem yrðu engar hjá skattþeginum. Hann greiddi því ekki eignarskatt. Fyrirtækið ætti nákvæmlega jafnháar skuldir og eignir og greiddi því ekki heldur eignaskatt. Þannig væri búið að flytja eignir úr skattskyldu formi í skattfrjálst. Það er ekki gott þegar skattkerfi er svo örökrétt.

Áhrif eignaskatta á sparnað og þenslu. Nýverið var sagt frá ungum öryrkja, sem hafði ætíð lagt fyrir hluta af örorkulífeyri sínum og byggt þannig upp sparnað. Sá sparnaður var kominn yfir eignaskattsmörk einstaklinga og þótti í frásögu færandi að öryrkinn væri orðinn áskrifandi að kr. 12.500 árlegri greiðslu til ríkissjóðs fyrir hverja milljón, sem hann sparaði umfram mörkin. Þetta er þó sá veruleiki, sem lengi hefur blasað við öllu ráðdeildarsömu fólki í landinu. Fólki sem sparar heldur 4 mkr. en að kaupa sér jeppa eða ferðalög fyrir þá peninga. Þar sem fólk er almennt ekki hrifið af slíkri áskrift lætur það ráðdeildina lönd og leið og tekur þátt í neyslugleðinni. Þannig vinna eignaskattar gegn sparnaði einstaklinga og fyrirtækja og auka á eyðslu og þar með á þenslu og verðbólgu. Lækkun eða niðurfelling eignaskatta hvetur einstaklinga til sparnaðar, sem eykur þjóðhagslegan sparnað, sem sárvantar hér á landi, lækkar hallan á vöruskiptum og þar með viðskiptahallan og lækkar þannig erlendar skuldir þjóðarinnar, sem eru orðnar iskyggilega háar.

Þjóðarbókhlöðuskattur. Niðurfelling þjóðarbókhlöðuskatts er sjálfsgöð þar sem eignafólk (eða sá hluti eignafólks, sem greiddi þennan skatt) hefur fyrir löngu lokið við byggingu þjóðarbókhlöðunnar og hefur fært hinum hluta þjóðarinnar hana að gjöf.

Undirritaður er því mjög fylgjandi þeirri lækkun á eignasköttum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en telur að ganga mætti lengra og fella eignaskatta niður.

Kafli 3

Lækkun tekjuskatta

A Lækkun tekjuskatta á fyrirtæki.

Kvikur skattstofn. Fáir skattstofnar eru eins kvikir og hagnaður fyrirtækja. Auðvelt er að sólunda hagnaði fyrirtækja með lélegri stjórnun, skammtíma fjárfestingum, markaðsetningu og ferðalögum. Hvatinn til slíks vex með hækkandi skattprósentu. Þegar skatturinn var 50% mynduðust biðraðir hjá tölvusölum milli jóla og nýárs. Fyrirtæki, sem sáu fram á mikinn hagnað lækkuðu hann með kaupum á tölvum með þeim rökstuðningi að ríkið greiddi helming græjanna.

Fyrirtæki, sem selja framleiðslu sína eða þjónustu til erlendra aðila, geta auðveldlega stofnað fyrirtæki erlendis þar sem skattar eru lágir og látið það soga til sín hagnaðinn. Verðið er haft lágt til erlenda dótturfyrirtækisins sem gerir eitthvað lítilræði við vöruna og selur hana svo áfram dýrum dómum. Er þetta orðin sérstök fræðigrein.

Laffer kúrvan. Þar sem skattstofnin er svo kvikir hafa tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni hækkað umtalsvert við lækkun álagningarprósentu úr 50% í 30%. Þetta er þekkt fyrirbæri (Laffer Curve) í skattafræðum. Því miður er ekki til svar við þeirri spurningu hvar hámarkið er á Laffer kúrvunni. Hvort það liggur við 30%, 18% eða 11%. Álagningarprósentan hefur auk þess víðtæk áhrif á allt efnahagslífið. Lág prósent hækkar gengi á hlutabréfum, hvetur til nýsköpunar og fjárfestinga eins getið verður um hér á eftir. Við það hækka tekjur ríkisins af ýmsum öðrum sköttum á veltu og tekjur einstaklinga. Þegar ríkis stendur auk þess frammi fyrir sölu á ríkisfyrirtækjum getur hækkun á gengi hlutabréfa þeirra skilað miklum tekjum til ríkissjóðs eins og komið verður að hér á eftir. Tekjur ríkissjóðs til að fjármagna velferðamál geta þannig hækkað umtalsvert ef þessi kviki skattstofn er skattaður varlega.

Hækkun á gengi hlutabréfa. Ef skattur á hagnað fyrirtækja er lækkaður úr 30% í 18% vaxa tekjustraumar til hluthafa úr 70% í 82% eða um 17% og verðmæti fyrirtækisins hækkar hlutfallslega eins. Er þá gengið út frá því að hagnaðurinn sé rétt mældur með góðum reikningskilum þannig að verðmæti fyrirtækja vaxi eingöngu með hagnaði en ekki myndist duldar eignir eða skuldir. Því miður er alþjóðlega reglan um reikningskil ekki alveg eins góð og þau verðbólgu-reikningskil, sem lagt er til að hverfa frá. En í grófum dráttum ætti gengi hlutabréfa almennt að hækka í þessum mæli að öðrum þáttum óbreyttum. Á fylgiriti 1 sést að gengið mynda hækka um 25% ef skattprósentan yrði lækkuð í 12,5% og það myndi hækka um 43% ef hagnaður fyrirtækja yrði skattfrjáls. Hátt gengi hlutabréfa auðveldar fyrirtækjum aðgang að áhættufé og hagur atvinnulífsins batnar.

Áhrif á nýsköpun og fjárfestingar. Þegar fólk hyggst fjárfesta í nýjum fyrirtækjum eða þegar gróin fyrirtæki hyggjast leggja út í nýjar fjárfestingar er sett upp áætlun um tekjur og gjöld af framkvæmdinni. Mismunurinn er hagnaður og hann er skattaður. Fjárfestirinn lítur að sjálfsögðu á þann hagnað sem hann fær eftir skatta. Eftir því sem hann fær stærra hlut því fúsari er hann til fjárfestingarinnar. Þannig geta háir skattar á hagnað fyrirtækja drepit alla nýsköpun og fjárfestingu í dróma og atvinnulífið staðnar, atvinnuleysi vex og laun lækka. Lágir skattar hvetja hins vegar til nýsköpunar og fjárfestinga, atvinnu eykst og laun hækka.

Hækkun á verði óseldra ríkisfyrirtækja. Ríkisstjórnin hyggst á næstunni selja hluti sína í þremur fyrirtækjum, Landsímanum hf., Landsbankanum hf. og Búnaðarbankanum hf. Verðmæti þessara hluta fyrir 7% hækkunina á verðbréfamarkaði sem varð daginn eftir kynningu frumvarpsins og söliverðmæti hlutabréfa ríkisins í Landsímanum hf. er u.þ.b. 68 mrd kr. Lækkun skattprósentu úr 30% í 18% ein sér þýðir að öðru jöfnu að gengi þessara hluta ætti að hækka um 17% eða um 12 mrd kr. (Sjá fylgirit 1.) Ef skattprósentan yrði lækkuð í 12,5% myndi gengi þessara hluta hækka um 25% eða um 17 mrd. kr. Algert skattfrelsi mundi þýða að gengið hækkaði um 43% eða um 29 mrd kr. Kostnaður ríkissjóðs vegna lægri skatttekna félli alveg í skuggann af þessari hækkun. Hækkunin stendur undir 4,3 ára tekjumissi ríkissjóðs af skattalækkuninni. Er þá miðað við óbreyttan skattstofn en auðvitað mundi skattstofninn stækka með lækkandi skattprósentu sem og tekjur ríkissjóðs af aukinni veltu og framkvæmdum.

Möguleg lækkun tekjuskatts fyrirtækja. Hætt er við að ekki yrði vel séð erlendis að lækka

tekjuskatt fyrirtækja niður fyrir 10%. Hvað þá að fella skattinn alveg út sem gæti verið skynsamlegt sbr. ofangreindar hugleiðingar. Tekjuskattur fyrirtækja í OECD er á bilinu 18% til 40% með undantekningu Írlands, sem verður með 12,5% tekjuskatt eftir 2003. Til þess að örva erlend fyrirtæki til að flytja rekstur sinn til Íslands verður skattumhverfi og annað rekstrarumhverfi hér á landi að vera hagstæðara en erlendis vegna smæðar landsins, veikrar og óþekktrar myntar og lítillar þekkingar útlendinga á aðstæðum. Þröskuldurinn þarf að vera lægri. Með hliðsjón af sköttum annarra þjóða á hagnað fyrirtækja er sennilega ekki raunhæft að fara með skattprósenta í 10% þó að það sé skynsamlegt vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar. En 11% eða 12% skattur gæti vel verið inni í myndinni án þess að valda of miklu fjaðrafoki eða magna upp andstöðu erlendis. Til varnar mætti benda á sérstöðu vegna fyrirhugaðrar sölu ríkisfyrirtækja, þess hve atvinnulíf landsins sé einhæft og bráð nauðsyn sé að fá hingað erlenda fjárfestingu og að þröskuldar þurfi að vera lægri hér en erlendis vegna smæðar landsins og einangrunar.

Áhrif 11% skatts á hagnað fyrirtækja. Ef Alþingi samþykkir 11% skatt á hagnað fyrirtækja og erlendir fjárfestar öðlast trú á varanleika slíks skatts er næsta víst að fjöldi erlendra fjölþjóðafyrirtækja myndu flytja aðalstöðvar hingað. Skapast myndu hátekjustörf í kringum þann rekstur og mikil þörf yrði fyrir alls konar þjónustu. Erlent hámenntað vinnuafli myndi fylgja í kjölfarið sem myndi bæta vísindasamfélagið hér á landi. Tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni gæti margfaldast og þeir fjármunir myndu nýtast til lausnar á mörgum óleystum vanda í velferðakerfinu. Eins og kemur fram hér að framan og sést á fylgiriti 1 myndi verð ríkisfyrirtækjanna þriggja hækka að óbreyttu um 27% eða um 18 mrð kr. Á móti myndu árlegar tekjur ríkissjóðs lækka um 4,3 mrð kr. að óbreyttum stofni en eins og hér hefur verið rökstutt myndi þær sennilega ekkert lækka heldur hækka.

Tekjur einstaklinga fluttar yfir í hagnað og arð. Þegar tekjuskattur fyrirtækja er lækkaður vex hvati til eftirfarandi misnotkunar: Í stað þess að greiða t.d. eiganda og oft eina starfsmanni einkahlutafélags eðlileg laun og gjalda 38% staðgreiðslu af þeim hluta sem er umfram frítekjumark og rúm 5% í tryggingagjald og halda eftir 57 kr. af hverjum 100 kr. er fyrst greiddur 30% skattur af hagnaði. Þá eru eftir 70 kr af 100 kr. tekjum/hagnaði. Þær eru svo greiddar út sem arður og greiddar 7 kr. í fjármagnstekjuskatt. Þá eru eftir 63 kr. Skatturinn samsvarar því 37% álagningu í stað 43%. Varla tekur því að stunda skattsvik fyrir þennan mun þrátt fyrir að seinni skattarnir séu greiddir eftirá. Hins vegar skerðast barnabætur eða vaxtabætur ekki við arðgreiðslur og þar getur munað miklu. Stundum er reyndar vafaatriði hversu stór hluti hagnaðar einstaklingsrekstrar eru tekjur eigandans og hversu stór hluti er hagnaður fyrirtækisins.

Þegar skattar á hagnað fyrirtækja eru lækkaðir og tryggingagjald hækkað vex þessi hvati mikið. 18% skattur á hagnað fyrirtækja þýðir að 74 kr. sitja eftir eða sem svarar 26% álagningu. Munurinn á staðgreiðslu vex mjög eða úr 6% í tæp 18%. Þessi hvati vex enn frekar ef tekjuskattur fyrirtækja fer í 11%. Þá sitja 80 kr. eftir af hverjum 100 kr. og munurinn á staðgreiðslu verður 24% af tekjum. Gera verður átak til að sporna við slíkum skattsvikum. Það er hins vegar ljóst að þetta eru skattsvik og það er spurning hvort skattsvikarar eigi að stjórna lagasetningu. Ef vilji væri til mætti laga laga þetta misræmi með flötum 20% skatti á allar tekjur en það er meðal tekjuskattur.

Rétt er að benda á að margs konar félagsleg réttindi eru tengd launum en ekki arði. Má þar m.a. nefna fæðingarorlof, bætur skv. skaðabótalögum og örorkulífeyrir lífeyrissjóða. Þessi atriði ættu að vinna gegn slíkum skattsvikum.

Vegna alls þessa og sérstaklega hækkunar á söluverði ríkisfyrirtækjanna legg ég til að Efnahags- og viðskiptanefnd geri þær breytingar á frumvarpinu að skattur á hagnað fyrirtækja verði 11%.

B Lækkun tekjuskatta einstaklinga.

Samspil tekjuskatta og frumkvæðis og dugnaðar. Í frumvarpinu er lagt til að tekjuskattur einstaklinga lækki um 0,33% úr 26,08% í 25,75%. Þessi lækkun er í samræmi við áður tilkynnta lækkun tekjuskatta og er þáttur í þeirra þróun að fleiri borgarar greiði tekjuskatt en að skattbyrði hvers lækki. Fyrir nokkrum árum var svo komið að einungis 1/3 skattgreiðenda greiddi meira til samfélagsins vegna tekna sinna en hann fékk til baka á formi alls kyns bóta. Það er mjög hættuleg þróun því allir þeir mörgu, sem ekki standa undir velferðakerfinu, gera sífellt meiri kröfur til þess og krefjast þess að skattbyrðin verði aukin á minnihlutann sem stendur undir velferðinni með tekjuskatti. Það letur hins vegar til dugnaðar og frumkvæðis og ýtir undir misnotkun bóta og skattsvik.

Niðurgreidd láglaunastörf. Núverandi skattkerfi með tiltölulega háu frítekjumarki og mjög háum skattprósentum laðar til landsins lágtekjustörf en fælir hátekjustörf frá landinu að öðrum aðstæðum óbreyttum. Lágtekjufólk greiðir nánast enga tekjuskatta en hátekjufólk greiðir miklu meira hlutfallslega. Þannig að einstaklingur með tvöfalt hærri laun greiðir ekki tvöfalt meira til velferðakerfisins heldur fjórfalt meira eða sexfalt. Samt fá allir sömu þjónustu úr velferðakerfinu. Slíkt kerfi virkar sem niðurgreiðsla á lág laun. Meðalskattprósenta á öll laun er um 20%.

Þetta má sjá með því að hugsa sér tvö fyrirtæki og starfsmenn, sem velja sér land fyrir starfsemi sína. Annað er láglaunafyrirtæki en hitt hálaunafyrirtæki. Tvö lönd standa til boða. Annað er með 20% skatt á öll laun en hitt með 50% skatt á laun, sem eru yfir láglaunum. Annað starfsumhverfi er eins. Þar sem starfsmennirnir horfa að sjálfsögðu á launin eftir skatta munu láglaunafyrirtækið og starfsmenn þess velja seinna landið því þar greiða þeir enga tekjuskatta og fyrirtækið kemst af með að greiða lægri laun og starfsmennirnir fá samt meira í vasann. Hátekjufyrirtækið og starfsmenn þess velja fyrra landið því þar greiða starfsmennirnir 20% af tekjum í skatt í stað 30% til 40% af öllum tekjum í því seinna. Þeir halda eftir 80% af tekjum í stað 60% til 70%. Fyrirtækið getur greitt lægri laun og starfsmennirnir bera samt meira úr bótum.

Þess vegna er hér um rétt skref að ræða en það er lítið og það mætti stíga ákveðnar til jarðar.

C Hátekjuskattur. Sérstakur tekjuskattur einstaklinga, hátekjuskattur, hefur löngum verið ætlaður til bráðbirgða og hefur ætíð verið bráðbirgðaákvæði í skattalögum. Er það ekki fögur lagasetning. Hann hefur ávallt verið framlengdur. Hér er lagt til að hann verði framlengdur í enn eitt árið. Jafnfram er lagt til að frítekjumarkið verði hækkað. **Undirritaður felst á hækkun frítekjumarkans en ráðleggur eindregið frá því að framlengja þennan skatt.** Vísast til röksemda hér á undan um áhrif hárra jaðarskatta á frumkvæði og dugnað einstaklinga, hvata til skattsvika sem og niðurgreiðslu láglaunastarfa. Þessi skattur hefur auk þess á sér öll einkenni öfundarskatta og skilar tiltölulega litlum tekjum til velferðakerfisins. Færa má rök fyrir því að þessi skattur valdi meira tjóni á skattstofninum og lækki jafnvel tekjur ríkisjóðs. (Sjá Laffer kúrfu.)

Kaflí 4

Hækkun tryggingagjalds.

Feluleikur? Í frumvarpinu er lagt til að tryggingagjald verði hækkað um 0,77%. Þar sem tryggingagjaldið leggst á launatekjur fyrirtækja er það í reynd ígildi flats tekjuskatts á tekjur launþega. Fyrirtækin gætu jú hækkað laun allra launþega um tryggingargjaldið og þeir myndu svo greiða þennan skatt eins og hvern annan tekjuskatt og ekkert breyttist. Ef til vill er hér um ákveðinn feluleik að ræða til þess að fólk átti sig ekki á því hve stóran þátt það tekur í reynd í velferðakerfinu. Lágtekjufólk áttar sig þannig ekki á því að það er að greiða 5% til 6% af tekjum sínum til velferðakerfisins fyrir utan hefðbundna tekjuskatta. Þannig er kostnaðarvitund launþega gagnvart velferðakerfinu slævð og þeir gera ekki kröfu til þess að velferðakerfið sé skilvirk og ódýrt.

Allir greiði tekjuskatt. Hækkun tryggingagjalds er í samræmi við þá stefnu að allir greiði tekjuskatt til velferðakerfisins eins og rætt var um í B lið kafla 3. Reyndar vantar að fólk hafi almennt þá vitneskju að tryggingargjaldið sé í raun skattur á tekjur launþega og þannig greiði sérhver launþegi sinn skerf til velferðakerfisins.

Spenna á vinnumarkaði. Hverfandi atvinnuleysi hér á landi er einsdæmi í heiminum og er það jákvætt í sjálfu sér því fátt böll er langvarandi atvinnuleysi verra. Hins vegar er mikil spennan á vinnumarkaði og hætta á launaskriði og verðbólgu í kjölfarið. Hækkun tryggingagjalds gerir vinnuaflið dýrara og hvetur fyrirtækin til að grípa til ráðstafana sem spara mannskap. Það er gott við núverandi aðstæður á vinnumarkaði og því er þessi hækkun tryggingagjalds vel tímasett.

Hækkun tryggingagjalds og hagræðing. Hækkun tryggingagjalds um 0,77% svarar til þess að fyrirtæki með 130 starfsmenn þurfi að hagræða einu starfi út. Verður varla talið að slík hagræðing verði fyrirtækjum ofviða. Auk þess er þessi hækkun hverfandi miðað við það launaskrið, sem hefur verið í gangi. Hins vegar er sérhver skattahækkun alvarleg og getur skaðað atvinnulífið.

Hækkun tryggingagjalds og landbyggðin. Í 1. umræðu um frumvarpið var ítrekað bent á að fyrirtæki

úti á landi nýtu ekki skattalækkunarinnar vegna þess að þau væru ekki með hagnað en hins vegar lentu þau hlutfallslega meira í hækkun tryggingagjaldsins þar sem þau eru oft mannmörg. Þessar fullyrðingar, ef réttar reynast, benda til mikillar veilu í starfsemi og stjórnun fyrirtækja úti á landi. Ef fyrirtæki skila almennt og varanlega ekki hagnaði bíður þeirra ekkert nema stöðnun og gjaldþrot. Vonandi eru þessar staðhæfingar ekki réttar því ella væri staða fyrirtækja á landsbyggðinni mjög alvarleg burtséð frá þessari hækkun tryggingagjalds.

Ekki verður séð að þessi hækkun tryggingagjalds skaði atvinnulífið það mikið að skattalækkanir frumvarpsins vegi það ekki upp að fullu og meira en það.

Kafli 5

Lækkun stimpilgjalds.

Í greinargerð með frumvarpinu er tilkynnt væntanlegt frumvarp frá ríkisstjórn um nokkra lækkun stimpilgjalds frá 2003. Stimpilgjaldið er einn óhagkvæmasti skattur sem ríkið leggur á. Innheimtan er mjög dýr. Stimpilgjaldið gerir skammtíma lánamarkað ómögulegan nema með skattatilfæringum sem jafnvel Seðlabanki Íslands stundar sbr. endurhverf verðbréfiðskipti hans. Stimpilgjald skekkir samkeppnistöðu íslenskra lánastofnanna gagnvart erlendum lánastofnunum, sem ekki greiða stimpilgjald á lán sem þau veita íslenskum fyrirtækjum. Síðast en ekki síst er stimpilgjaldið skattur á þá sem síst skyldi. Þá einstaklinga, sem lenda í vonlausum fjárhagserfiðleikum, neita að lýsa sig gjaldþrota og berjast hetjulega og eru að greiða úr flækjunni með nýjum lántökum. Eymd þeirra er skattlögð sérstaklega. Þeir eru þó ekki hin breiðu bök, sem standa eiga undir velferðakerfinu. Mjög brýnt er að leggja stimpilgjaldið af sem fyrst. Skorar undirritaður á Efnahags- og viðskiptanefnd að semja sjálf frumvarp í þá veru og býðst til að taka þátt í þeirri vinnu ef óskað er enda telur hann það hlutverk Alþingis að semja lög.

Kafli 6

Skattfrelsi húsaleigubóta.

Í frumvarpinu er lagt til að húsaleigubætur verði skattfrjálstar til samræmis við vaxtabætur. Þegar upphæð þessara bóta var ákveðin var að sjálfsgöðu haft til hliðsjónar að þær værn yfirleitt skattaðar. Það að gera þær skattfrjálstar þýðir ekkert annað en hækkun þeirra til þess fólks, sem hefur tekjur yfir skattleysismörkum. Fyrir hina sem greiða ekki tekjuskatt, t.d. námsmenn, skiptir þessi breyting ekki máli. Skattfrelsi þessara bóta eykur enn hvata til að taka íbúð á leigu og eykur því enn það misvægi, sem er á leigumarkaði. Leiga mun því væntanlega hækka enn frekar vegna þessara breytinga og undirstrikar það sem haldið hefur verið fram að húsaleigubætur séu í raun styrkur til húseigenda, sem leigja frá sér húsnæði. Þær auki eftirspurn eftir leiguhúsnæði sem hækki leiguverð. Sú hefur líka orðið reyndin hér á landi eftir að húsaleigubæturnar voru teknar upp. Staða leigjenda er síst betri nú en áður en þessar bætur voru teknar upp.

Undirritaður hefur margoft bent á mikla galla í ákvörðun húsaleigubóta og að þær séu í reynd mjög ófélagslegar. Einstaklingar með tiltölulega háar tekjur eða ráðstöfunarfé svo sem námsmenn fái óskertar bætur en stórar fjölskyldur með lök lífsskjör eigi tæknilega enga möguleika á bótum. Reglur um ákvörðun húsaleigubóta koma hvergi fram í lögum heldur eru faldar í vald ráðherra. Verður ekki farið frekar út í þessa sálma hér.

Hærri leiga kemur fram sem hærri fjármagnstekjuskattur til ríkisins og þannig kemur hluti þessa skattfrelsis til baka.

Undirritaður er ekki hlynntur þessari breytingu en gefur henni ekki mikið vægi.

Reykjavík, 7. nóvember 2001

Pétur H. Blöndal alþingismaður

Fylgirit 1

Hækkun á verði óseldra hluta í þremur ríkisfyrirtækjum vegna lækkunar tekjuskatta fyrirtækja.

	Eftir að selja. Verðmæti fyrir hækkun. Mjög lauslegt mat.		
	milljarðar kr.		Milljarðar
Landssíminn	39		
Landsbankinn	16	Hagnaður allra fyrirtækja:	22,5
Búnaðarbankinn	13	Tekjuskattur fyrirtækja:	6,8
Alls:	68		

Skatt- prós- enta	Tekju- straumur eftir skatt. Verður	Tekju- straumur eftir skatt. Var	Hækkun tekjustrauma eftir skatt Frá 30% sk.	Hlutfallsleg hækkun tekjustrauma Og gengis	Árlegt tap ríkissjóðs Milljarðar	Hagnaður ríkissjóðs v/sölu 3 fyrirtækja Eitt skipti Milljarðar	Hagnaður endist til greiðslu taps í (h) ár
a	b 1-(a)	c	d (b)-(c)	e (d)/(c)	f (a) x 22,5-6,8	g (e)*68	h (g)/(f)
30,0%	70,0%	70,0%	0,0%	0,0%	0,0	0,0	-
18,0%	82,0%	70,0%	12,0%	17,1%	2,7	11,7	4,3 ár
15,0%	85,0%	70,0%	15,0%	21,4%	3,4	14,6	4,3 ár
12,5%	87,5%	70,0%	17,5%	25,0%	3,9	17,0	4,3 ár
11,0%	89,0%	70,0%	19,0%	27,1%	4,3	18,5	4,3 ár
10,0%	90,0%	70,0%	20,0%	28,6%	4,5	19,4	4,3 ár
0,0%	100,0%	70,0%	30,0%	42,9%	6,8	29,1	4,3 ár

Kostir:

1. Hækkar almennt gengi á hlutabréfum.
2. Eykur hvata til að fjárfesta. Sérstaklega í nýsköpun.
3. Hækkar sérstaklega verða á óseldum hlutum í ríkisfyrirtækjum.
4. Laðar til landsins erlend fyrirtæki. Lágir skattar lækka þröskulda vegna smæðar atvinnulífsins, krónunnar og flækjustígs.
5. Hindra innlend fyrirtæki að flytja arðbæra hluti rekstrar til útlanda.

Ókostir:

1. Eykur hvata til skattsvika í gegnum fyrirtæki - arð í stað launagreiðsla.
Áður: 100 kr. => 70 eftir tekjuskatt fyrirtækis => 63 eftir fjármagnstekjuskatt. Þ.e. 37% í stað 38%. Til viðbótar tryggingagjald 5,3% og skerðing barnabóta og vaxtabóta. Nokkur hvati.
Ef 18%: 100 => 82 => 74 Alls 26% í stað 38% ++ Mikill hvati.
(Eiginlega sérskattur á smáfyrirtæki sem geta svindlað. Auðvitað geta menn sameinað